




FRÆKORNIÐ

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

FLUTNINGUR TRJÁA

Í þessu Frækorni verður fjallað um flutning á trjám. Í flestum tilvikum er hægt að flytja tré úr stað. Þannig er oft hægt að flytja fyrir árangri. Erfitt er þó að eiga við tré sem standa þétt og eins verður flutningur erfiðari eftir því sem trén stækka.

Hafa þarf í huga að oft verða tré fyrir áföllum við slíka flutninga. Vega þarf kostnað á mótí áhættu. Sérstaklega má vara við því að flytja stór tré á áveðra staði. Þar er ráðlegra að velja minni tré, sem síðan vaxa í réttu hlutfalli við vindinn.



HVAÐA TRJÁTEGUNDIR ER HÆGT AÐ FLYTJA?

Allar trjátegundir er hægt að flytja. Þær eru þó mis-viðkvæmar gagnvart flutningum. Í töflunni eru nefndar nokkrar algengustu trjátegundir og hvernig eiginleikar þeirra eru gagnvart flutningi.

Trjátegundir	
alaskaösp, víðitegundir	Mjög auðvelt að flytja - á að vera hægt að flytja allar stærðir
sitkagreni, blágreni, birki, reyniviður, rússalerki	Frekar auðflutt tré - erfiðara með stærri tré
stafafura, bergfura	Vandflutt - erfið viðureignar eftir að hafa náð 2 metra hæð

HVERSU STÓR TRÉ ER HÆGT AÐ FLYTJA?

Almennt má segja að tré verði vandfluttari eftir því sem þau verða stærri. Stærri tré þurfa því meiri undirbúning ef vel á að takast til við flutninginn.



0-1 m hátt tré
Mjög auðflutt,
samstundis



1-2 m hátt tré
Beta að rótstinga



2+ m hátt tré
Mjög þarf að vanda
undirbúning




UNDIRBÚNINGUR

Nauðsynlegt er að vanda vel undirbúning við flutning trjáa. Undirbúningurinn hefst árið áður en flutningur á sér stað. Sérstaklega er mikilvægt að undirbúa vel flutning stórra trjáa. Minni tré komast oft af án sérstaks undirbúnings.

Til að hafa í huga við undirbúning:

- a. Undirbúa gróðursetningarstað
- b. Rótstinga tréð í viðráðanlegri fjarlægð

Til mikilla bóta er að rótstinga tré fyrir flutning. Það er best að gera sumarið áður en flytja á tré. Með rótstungunni þéttist rôtarkerfi trjáanna og rótarhnausinn afmarkast.



Undirbúa þarf væntanlegan gróðursetningarstað sumarið/haustið áður en flutningurinn á sér stað. Rétt er að grafa rúmgóða holu og setja þar ríkulega af húsdýraáburði.

FLUTNINGUR

Hægt er að flytja tré nánast allt árið. Best er að gera það snemma vors þegar frost er að fara úr jörð, áður en tréð springur út. Einnig hefur gefið ágæta raun að flytja tré að hausti, en þá þarf að ganga tryggilega frá þeim fyrir veturinn. Síst skyldi flytja tré þegar þau eru að lafgast og springa út að vori.

Byrja þarf á því að losa vel um rótarhnausinn. Honum er síðan lyft varlega úr holunni og ráðlegt að setja hann í striga eða plast. Gæta þarf þess vandlega að skemmdir komi ekki á bork trésins þegar það er losað upp úr jörðinni. Við flutninga á gróðursetningarstað er best að flytja tréð í lokuðum bíl eða að láta það liggja á kerru. Varast ber að láta það berjast í vindi á fleygiferð.

Til að hafa í huga við flutning:

- b. Losa vel um jarðveginn
- c. Gæta þess að særa ekki borkinn
- d. Setja hnausinn í umbúðir (striga)
- e. Flytja tréð þannig að ekki næði mikið um það




Tréð er losað varlega úr jörðinni. Hafi það verið rötstungið sumarið áður en hnausinn miklu meðfæri-legri og rôtarkerfið hnjaskast minna.

FRÁGANGUR

Ganga þarf vel frá trénu á áfangastað. Góður frágangur í kjölfar vandaðs undirbúnings eykur mjög líkurnar á því að vel takist til.

Til að hafa í huga við frágang:

- Taka hnausinn úr striganum
- Leggja hnausinn í holuna og þjappa moldinni/skítinum vel að
- Staga tréð fyrir haustið, ef þörf krefur. Gæta þess að binding særi ekki stofn
- Vökva tréð vel eftir gróðursetningu og fyrst á eftir
- Setja aspir/víði djúpt niður



Ganga þarf tryggilega frá trénu á nýjum stað.



ÁLFABAKKA 16 109 REYKJAVÍK sími 525 2000 fax 525 2020
veffang www.visa.is netfang visaisland@visa.is



ISSN 1605-5020



Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Prentvinnsla: Prentsmiðjan Viðey ehf.